

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/2297****2022/EES/29/09****frá 21. desember 2021**

**um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Montenegro (Svartfjallalandi) og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.
- 2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur eiga aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 <sup>(2)</sup>, að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Montenegro (Svartfjallalandi) til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi einnig, á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954, að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Montenegro (Svartfjallalandi) til handa ríkisborgurum þriðju landa, sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- 3) Hinn 31. ágúst 2021 lét Montenegro (Svartfjallaland) framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata innan kerfis sem ber heitið „SafeGO MNE“. Montenegro (Svartfjallaland) upplýsti framkvæmdastjórnina um að það líti svo á að COVID-19-vottorð þess séu gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Montenegro (Svartfjallaland) hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem Montenegro (Svartfjallaland) hefur gefið út í samræmi við „SafeGO MNE“-kerfið, innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 524. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2022 frá 23. febrúar 2022 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturættur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjttíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

- 4) Montenegro (Svartfjallaland) upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að hún viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.
- 5) Hinn 14. desember 2021 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Montenegro (Svartfjallalandi), gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata sem Montenegro (Svartfjallaland) hefur gefið út eru í samræmi við „SafeGO MNE“-kerfið, sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata, sem Montenegro (Svartfjallaland) hefur gefið út í samræmi við „SafeGO MNE“-kerfið, innihaldi nauðsynleg gögn.
- 6) Auk þessa upplýsti Montenegro (Svartfjallaland) framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þessi bóluefni eru nú Comirnaty, Vaxzevria, CoronaVac, BBIBP-CorV og Sputnik V.
- 7) Montenegro (Svartfjallaland) upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það gefi út samvirkandi prófvottorð fyrir kjarnsýrumögnunarpróf og skyndipróf sem skráð eru í sameiginlegu og uppfærðu skránni yfir COVID-19-skyndipróf sem samþykkt var af heilbrigðisöryggisnefndinni, sem komið er á fót með 17. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB <sup>(3)</sup>, á grundvelli tilmæla ráðsins frá 21. janúar 2021 <sup>(4)</sup>.
- 8) Enn fremur upplýsti Montenegro (Svartfjallaland) framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi vottorð um bata. Þessi vottorð gilda í allt að 180 daga frá fyrstu jákvæðu prófniðurstöðu.
- 9) Enn fremur upplýsti Montenegro (Svartfjallaland) framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Montenegro (Svartfjallalandi) sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar sem fram koma í þeim aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, próf eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.
- 10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem eru gefin út í Montenegro (Svartfjallalandi) í samræmi við „SafeGO MNE“-kerfið, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.
- 11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem gefin eru út af Montenegro (Svartfjallalandi) í samræmi við „SafeGO MNE“-kerfið, með þeim skilyrðum sem um getur í 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (5. mgr.) og 7. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) 2021/953.
- 12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Montenegro (Svartfjallaland) við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.
- 13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fresta beitingu þessarar ákvörðunar eða fella hana úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.
- 14) Til að tengja Montenegro (Svartfjallaland) við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

<sup>(3)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB frá 22. október 2013 um alvarlegar heilsufarsógnir sem ná yfir landamæri og niðurfellingu ákvörðunar nr. 2119/98/EB (Stjtið. ESB L 293, 5.11.2013, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Tilmæli ráðsins frá 21. janúar 2021 um sameiginlegan ramma um notkun og gildingu skyndiprófa og gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum COVID-19 prófa innan ESB (Stjtið. ESB C 24, 22.1.2021, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Líta skal á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem Montenegro (Svartfjallaland) gefur út í samræmi við „SafeGO MNE“-kerfið, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

*2. gr.*

Tengja skal Montenegro (Svartfjallaland) við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 21. desember 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---